Nd. **420. Breytingartillögur**

við frumvarp til jarðræktarlaga.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Úr ríkissjóði má árlega veita fje til að starfrækja og gera tilraunir með jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtískuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Árlegt tillag úr ríkissjóði má þó ekki nema meiru en svo, að tekjur Vjelasjóðs og tillag ríkissjóðs verði samtals 50000 kr.
2. Við 16. gr. Fyrir »Búnaðarfjelag — samkvæmt 15. gr.« í upphafi greinarinnar komi:
   Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu jarðræktarvjela þeirra, sem þegar eru keyptar eða verða keyptar fyrir ríkisfje.

Fyrir »að helmingi — úr Ræktunarsjóði« í niðurlagi sömu greinar komi: alt að helmingi, gegn ekki lakari tryggingu og með sömu vöxtum og afborgunarskilmálum sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

3. Við 17. gr. Fyrir »Markmið — landbúnaðarvjelar« komi:

Markmið þessa sjóðs er að útvega og gera tilraunir með landbúnaðarvjelar og starfrækja þær, ef þörf krefur.